

2. gr.

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af hverjum dælum sekl. kr. 14 400.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 15.00 pr. rúmm.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 10.00 pr. rúmm.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 5800.00.
5. Stofngjöld greiðast þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar, sbr. 1. gr.
6. málslið.

3. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 1. gr. skulu vera sem hér greinir:

Fyrir fyrri árshefning 1. júlí.

Fyrir síðari árshefning 1. október.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem saman er af Stjórnarnefnd Laugaráshéraðs, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 20. nóvember 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

21. nóvember 1972.

Nr. 305.

REGLUGERÐ

um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur.

1. gr.

Almennur afgreiðslutími lyfjabúða utan Reykjavíkur er sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga	kl. 9—18
laugardaga	kl. 9—12
aðfangadag og gamlársgang	kl. 9—12

Í desember er lyfjabúðum heimilt að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma á sama hátt og almennar verðlanir.

2. gr.

Ef sérstakar ástæður mæla með því og lækna á viðkomandi stað eru samþykkir er heimilt að haga almennum afgreiðslutíma á annan hátt en um getur í 1. gr. enda sé sú tilhögun jafnframt í samræmi við afgreiðslutíma almennra sölubúða á staðnum.

3. gr.

Eftirtaldir lyfjabúðir skulu vera opnar til afgreiðslu umfram hinn almenna afgreiðslutíma samkv. nánari ákvörðun ráðuneytisins:

Akranes Apótek.
Akureyrar Apótek.
Apótek Keflavíkur.
Hafnarfjarðar Apótek.
Kópavogs Apótek.
Selfoss Apótek.
Stjörnu Apótek.
Apótek Vestmannaeyja.

4. gr.

Á hinum almenna afgreiðslutíma er eftirtöldum lyfjabúðum heimilt að loka í hádegi allt að eina og hálfa klukkustund:

Borgarness Apótek.
Stykkishólms Apótek.
Patreks Apótek.
Ísafjarðar Apótek.
Sauðárkróks Apótek.
Siglufjarðar Apótek.
Dalvíkur Apótek.
Húsavíkur Apótek.
Apótek Austurlands, Seyðisfirði.
Nes Apótek, Neskaupstað.
Apótek Vestmannaeyja.

5. gr.

Lyfjabúðir á Akureyri skulu annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi til skiptis, eina viku í senn.

6. gr.

Lyfjabúðir samkvæmt reglugerð þessari skulu afhenda héraðslækni (varðlækni) nauðsynlegan forða lyfja til notkunar í bráðri nauðsyn utan afgreiðslutíma viðkomandi lyfjabúðar.

7. gr.

Ráðuneytið gefur út auglýsingu um afgreiðslutíma lyfjabúða á hverjum einstökum stað samkv. reglugerð þessari. Viðkomandi lyfsali sækir um það skriflega til ráðuneytisins ef hann óskar að njóta heimildar 2. og 4. gr. og skal hann jafnframt afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru að mati ráðuneytisins samkv. 2. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði reglugerðar um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 158 10. ágúst 1966, sem ná til afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sami afgreiðslutími einstakra lyfjabúða og var fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal gilda áfram þar til auglýsing um nýjan afgreiðslutíma hefur birt í Stjórnartíðindum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1972.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.